

VINNSLU MINNI: HLJÓÐMINNI

Vinnublað



RETORE
REMEMBER TO REMEMBER



Samfjármagnað af
Evrópusambandinu

VINNSLU MINNI: HLJÓÐMINNI

KYNNING

Athugasemdir fyrir leiðbeinanda

Meginreglur verkefnisins

Vinnsluminni (e. working memory) vísar til getu til óhlutbundinnar hugsunar og að fást við upplýsingar í skemmri tíma. Vinnsluminni er tauga- og hugfræðilegt ferli sem við notum í margskonar samhengi daglegrar virkni. Hljóðminni (e. phonological loop) er hluti vinnsluminnis, það er innri röddin sem hljómar í huganum t.d. þegar við erum að reyna halda nýju símanúmeri í minninu svo við getum slegið það inn, lesum í hljóði, eða teljum í huganum. Tilgangurinn með þessari „innri rödd“ er að halda upplýsingum í skammtíma minninu til að geta notað þær.

Tilgangur æfingar

Vinnsluminni geymir og gerir hugsanir aðgengilegar þegar þörf er á þeim til að framkvæma huglægt verkefni eða til að leysa vandamál. Orð og tal eru endurtekin í hljóði og þannig skráð í vinnsluminni. Verkefni sem byggja á því að virkja hljóðminni efla vinnsluminni, auka það magn upplýsinga sem við getum haldið í hljóðminni með endurtekningu, þar með bæta virkni í daglegu lífi.

Upplýsingar fyrir nemanda

Við notum vinnsluminni í hversdaglegum aðstæðum án þess að vera sérstaklega meðvituð um það. Hefur þú til dæmis verið inni í búð að velta fyrir þér hvað annað þú ætlaðir að kaupa en gast ekki munað hvað það var? Eða vera kominn inn í eldhús til að sækja eitthvað sem þú manst ekki hvað var? Þjálfun á vinnsluminni dregur úr svona uppákomum, sem síðan hefur áhrif á getu til að segja frá, ákvörðunartöku, getuna til að hugsa fljótt, rétt og að skipuleggja. Þjálfun vinnsluminnis bætir frammistöðu í verkefnum sem reyna á athygli og virknistjórn.


Búnaður (það sem þarf að hafa)

- Vinnustöð
- Vinnublað nemanda
- Vinnublað leiðbeinanda

**Hugrænir þættir
sem verkefnið þjálfar**

Vinnsluminni
(hljóðminni), athygli,
virknistjórn.

VINNSLU MINNI:
HLJÓÐMINNI
VERKEFNI



1) Verkefni

a) Þú munt heyra lesna röð af tölum. Ef þú heyrir töluna 11 lesna strax á undan tölunni 9, réttu þá upp hönd.

3, 4, 11, 15, **11**, 9, 12, 20, 9, 23, 20, 11, 3, 1, **11**, 9, 18, 11, 5, 9,
26, 20, 17, 39, 17, 9, **11**, 9, 9, 10, 19, 5, 8, 11, 22, 1, 19, **11**, 9, 4

b) Þú munt heyra lesna röð af tölum. Ef þú heyrir oddatölu lesna strax á undan sléttri tölu, bankaðu þá í borðið.

1, 2, 4, **5**, 2, 4, 3, **5**, 6, 8, 9, **7**, 6, 6, 8, 1, **3**, 4, **9**, 6, 4, 4, **5**, 2, **1**, 4,
6, 5, **7**, 8, 6, 2, 3, **1**, 4, 5, 7, **9**, 2, **3**, 4, **7**, 6, **9**, 4, 3, **1**, 2, 7, 3, **5**, 6

c) Þú munt heyra lesna röð af tölum. Ef þú heyrir lesna sömu tölu og þú heyrðir fyrir tveimur tölum síðan, stappaðu þá niður fætinum.

2, 4, 5, **2**, 3, 4, 6, **3**, 8, 9, 7, 2, 6, 4, 6, 6, **4**, 1, 9, 3, 5, 6, **3**, 9, 5

2) Verkefni

Þú munt heyra lesna röð orða. Þegar ég er búin, bið ég þig að nefna þau orð eingöngu sem eiga heima í sama flokki. Athugasemd: Rétt svör má finna í sviga.

Æfing:

epli, stóll, bíll, banani, dúkka, appelsína, lyklar, sími (ávextir)

Röð af orðum:

gúrka, blýantur, bók, penni, jarðaber, sjónvarp, tré, vaxlitur (ritföng)

rúm, sjón, diskur, lykt, hjól, kassi, snerting, klukka, gluggi (skynjun)

**koddi, geit, hnífur, borð, engill, kýr, jógúrt, furutré, svín, bolli (dýr/
húsdýr)**

**dagblað, möndlur, skápur, ís, borð, gleraugu, stóll, kommóða,
hunangsfluga, brauð, skóli (húsgögn)**

3) Verkefni

Þú munt heyra lesna röð talna og orða. Þegar ég er búin, bið ég þig að nefna tölurnar sem þú heyrðir í röð frá lágstu til hæstu tölu. Athugasemd: Rétt svar er feitletrað.

Talna- og orðaraðir:

a) þrír, stafur, fimm, gluggi, dyr, sjö
(3, 5, 7)

b) sól, níu, kerti, fjórir, hestur, sex, ljósmynd, einn
(1, 4, 6, 9)

c) búr, rós, tveir, einn, kassi, átta, fugl, bíll, fimm, þrír
(1, 2, 3, 5, 8)

Þú munt heyra lesna röð af tölum og orðum. Þegar ég er búin, bið ég þig að nefna tölurnar sem þú heyrðir í röð frá hæstu til lágstu tölu. Athugasemd: Rétt svar er feitletrað.

Talna- og orðaraðir:

d) gata, átta, björn, stigi, tíu, skæri, fimm, gluggi, skór, einn, sex, teppi, bjalla
(10, 8, 6, 5, 1)




4) Verkefni

Þú munt heyra lesna röð orða. Ef þú heyrir orð sem er það sama og fyrir tveimur orðum síðan, réttu þá upp hönd.

Orðaraðir:

- a) mamma, hveiti, skógur, bátur, á, skógur, stöðuvatn, sundföt, maís, ís, sundföt, regnbogi
- b) kokkur, teikna, hoppa, syngja, teikna, lesa, sofa, dansa, lesa, tala, æfa, borða
- c) epli, banani, pera, epli, hindber, melóna, ferskja, hindber, plóma, hindber, appelsína, ananas, appelsína
- d) gúrka, paprika, gúrka, gulrót, paprika, tómatur, kál, laukur, tómatur, laukur, blómkál, eggaldin, laukur



Styrkt af Evrópusambandinu.

Viðhorf og skoðanir sem sett eru fram eru eingöngu frá höfundum og endurspeгла ekki nauðsynlega skoðanir Evrópusambandsins eða European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Hvorki Evrópusambandið né EACEA geta borið ábyrgð á þeim.



RETORE
REMEMBER TO REMEMBER



Samfjármagnað af
Evrópusambandinu